




Almenningsrými

Opin svæði, borgar- og hverfisgarðar, dvalar- og leiksvæði og torg

14.12.2018 breytt: 12.9.2019



Almenningsrými



MYND 1
Hverfisgarður í Efra-Breiðholti.

Almenningsrými í borginni eru mikilvæg fyrir velferð og lýðheilsu íbúa. Almenningsrými eru borgar- og hverfisgarðar, dvalar- og leiksvæði og torg þar sem borgarbúar dvelja við útivist, leiki og slökun utandyra.

Í þessum leiðbeiningum er útskýrt hvernig nýta má skipulagsheimildir hverfisskipulags fyrir almenningsrými. Fjallað er um skilyrði sem tilgreind eru í skipulagsskilmálum og athygli vakin á mikilvægum atriðum og því sem gott er að hafa í huga. Aftast er gátlisti fyrir hönnuði og framkvæmdaaðila.

Efnisyfirlit

- Um almenningsrými
- Yfirlit yfir skipulagsskilmála og leiðbeiningar
- Almenningsrými – flokkun
- Stígar í almenningsrými
- Náttúrusérkenni og minjasvæði
- Gátlisti

Tækifæri í almenningsrýmum

- Útivera og bætt lýðheilsa
- Almenningsrými sem hvetja til samveru og samskipta
- Aukin hverfisvitund og félagsauður
- Rými fyrir viðburði og menningarstarfsemi
- Rými fyrir afslöppun, leiki og hreyfingu
- Verndun náttúruminja
- Rými fyrir líffræðilega fjölbreytni




Um almenningsrými

Hugtakið almenningsrými tekur til allra svæða í borginni sem eru opin almenningi og ætluð til útivistar og tólmstunda fyrir borgarbúa og gesti. Þetta eru opin svæði, græn svæði, borgar- og hverfisgarðar, dvalar- og leiksvæði, torg og götur. Sum almenningsrými eru óbyggð svæði með náttúru og gróðri og fáum mannvirkjum, svo sem opin svæði og borgargarðar, en önnur eru manngerð að hluta eða öllu leyti, svo sem hverfisgarðar, dvalar- og leiksvæði, torg og götur. Almenningsrými eru mikilvæg fyrir velferð og lýðheilsu íbúa.

Almenningsrými í Reykjavík teygja sig frá fjöru til fjalla. Þau eru hluti af grænu neti sem tengist Græna treflinum, en það er samfelt náttúru- og skógræktarsvæði sem umkringir allt höfuðborgarsvæðið. Mikilvægustu svæðin í græna netinu eru borgargarðar eins og Laugardalur, Elliðaárdalur, Fossvogsdalur og Öskjuhlíð, auk Grafarvogs og Úlfarsárdals, en smærri opin svæði skipta einnig miklu máli og tengja íbúahverfin betur við græna netið. Þess ber að geta að hverfisskipulag nær ekki til áður nefndra borgargarða, sem eru með sérstakt deiliskipulag, þó að þeir séu mikilvæg útivistarsvæði fyrir íbúa hverfanna.

Eitt af markmiðum hverfisskipulags er ábyrg landnýting í almenningsrýmum á borð við opin svæði. Í samráði við íbúa komu fram fjölmargar hugmyndir og óskir um endurbætur og breytingar á opnum svæðum, s.s. að þar vantaði betri stíga, aðstöðu til útivistar, bekki og borð o.fl. Oft er þess óskað að svæðin séu vernduð en stundum að þróuð sé íbúðabyggð á illa nýttum opnum svæðum.

Í vinnu við hverfisskipulag hafa því verið mótaðar tillögur, skipulagsskilmálar og leiðbeiningar um almenningsrými. Þessum leiðbeiningum er ætlað að stuðla að vönduðum vinnubrögðum við hönnun, afgreiðslu erinda og framkvæmdir í almenningsrýmum.



MYND 2

Í vinnu við hverfisskipulag og í samráði við íbúa var fjallað um hlutverk og notkun almenningsrýma og tillögur mótaðar.

Yfirlit yfir skipulagsskilmála og leiðbeiningar

Í þessum kafla er fjallað stuttlega um skipulagsskilmála sem geta átt við um efni þessara leiðbeininga. Einnig er vísað í aðrar leiðbeiningar eftir því sem við á. Lesanda er bent á að kynna sér gildandi skipulagsskilmála sem er að finna í samþykktu hverfisskipulagi fyrir hverfið og á Hverfisskipulag.is. Bent er á að skipulagsskilmálar hverfisskipulags eru flokkaðir í sjö áherslublætti, sjá fyrirsagnir hér á eftir sem eiga við.



SAMFÉLAG

Lýðheilsa

Almenningsrými eru torg, götur og opin svæði. Við útfærslu þeirra skal taka mið af ákvæðum skilmálaliða um almenningsrými og lýðheilsu og þessum leiðbeiningum.



GÆÐI BYGGÐAR

Í skilmála um almenningsrými segir að við uppbyggingu eða breytingar á almenningsrýmum skuli horft til þess að hlutfall gróðurs minnki sem minnst. Leiðir til þess eru t.d. að rækta nýjan gróður annars staðar og/eða að auka gegndræpi á lóð með blágrænum ofanvatnslausnum, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni.

Athygli er vakin á að sækja þarf um leyfi til Reykjavíkurborgar ef fella á tré sem eru hærri en 8 metrar eða eldri en 60 ára.

Heimilt er að koma fyrir útilistaverkum í almenningsrýmum. Áður en listaverki er komið fyrir þarf að liggja fyrir umsögn skipulagsfulltrúa og verkefnastjóra á skrifstofu umhverfisgæða.

Fjallað er um skilmála fyrir opin svæði, hverfisgarða, leiksvæði og dvalarsvæði og torg í skilmálalið um almenningsrými.

Í sérstökum skilmálalið eru heimildir fyrir borgarbúskap tilgreindar. Ef nýta á borgarland fyrir borgarbúskap skal sækja um leyfi til umhverfis- og skipulagssviðs sem ákvarðar stærð og nánari legu svæðis. Heimild til matjurtaræktunar á borgarlandi er tímabundinn afnotaréttur sem nánar er skilgreindur í kafla um afnotaleyfi. Sjá nánar leiðbeiningar um borgarbúskap.

Lýsing skiptir miklu máli á opnum svæðum en í sérstökum skilmálalið er fjallað um ljósvist. Nánari umfjöllun er í leiðbeiningum um ljósvist.



MYND 3

Bekkur í almenningsrými gerir gagn.





ORKA OG AUÐLINDIR

Ákvæði um meðhöndlun úrgangs á opnum svæðum er að finna í sérstökum skilmálalið.



VISTKERFI OG MINJAR

Opin svæði eru mikilvægustu svæðin sem taka við úrkomu. Í sérstökum skilmálalið er farið yfir hvaða ákvæði gilda um blágrænar ofanvatnslausnir á opnum svæðum en nánar er fjallað um þennan málaflokk í leiðbeiningum um blágrænar ofanvatnslausnir.

Minjar á opnum svæðum sem hafa mikið verndargildi og ber að vernda í hverfisskipulagi geta verið sögulegar menningarminjar, svo sem fornleifar, eða náttúruminjar af ýmsum toga. Fjallað er um fornleifar og náttúrusérkenni í sérstökum skilmálaliðum.



SAMGÖNGUR

Götur, stígar og gangstéttir

Skilmálar um samgöngumannvirki eru í sérstökum skilmálaliðum. Þegar samgöngumannvirki eins og götur, stígar og gangstéttir á opnum svæðum eru hönnuð skal fylgja viðurkenndum leiðbeiningum, þar á meðal um algilda hönnun, og tryggja að aðgengi milli borgarlands og lóða sé fullnægjandi, sjá leiðbeiningar um borgargötur.



NÁTTÚRUVÁ

Almenningsrými, og þá sérstaklega opin svæði, eru oft á jöðrum hverfa sem geta snúið að sjó, ám eða vötnum. Ef hætta er á flóðum og/eða öðrum náttúruhamförum í hverfinu er fjallað um það í skilmálalið um flóð og aðrar náttúruhamfarir.

Aðgerðir til að binda jarðveg, tempru vind og auka skjól eru tilgreindar í skilmálalið um vindafar. Nota skal trjágróður til þessa, sbr. þessar leiðbeiningar.

Mikilvæg atriði

- Forðast skal að minnka gróður á opnum svæðum
- Gróðurval skal styðja við markmið Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni
- Sækja þarf um leyfi til að fella tré sem eru hærri en 8 metrar eða eldri en 60 ára
- Tryggja þarf aðgengi allra um stíga á opnum svæðum

Gott að hafa í huga

- Heimilt er að koma fyrir útilistaverkum á opnum svæðum
- Opin svæði gegna mikilvægu hlutverki í að taka við úrkomu

MYND 4

Almenningsrými innan hverfis.




Almenningsrými – flokkun

Almenningsrými eru flokkuð í borgargarða, hverfisgarða, dvalarsvæði, leiksvæði, önnur græn svæði og bæjar- og hverfistorg. Víða eru tækifæri til að bæta aðstöðu og byggja upp innviði á opnum svæðum í borginni.

MYND 5

Almenningsrými sem fjallað er um í hverfisskipulagi eru náttúruleg svæði, hverfisgarðar, græn svæði og dvalar- og leiksvæði og hverfistorg.



Borgargarðar

Borgargarðar eru stór opin svæði sem eru mikilvæg útivistarsvæði fyrir íbúa í borginni og hverfunum sem liggja að þeim. Helstu borgargarðarnir í Reykjavík eru Elliðaárdalur, Fossvogsdalur, Öskjuhlíð, Vatnsmýri, Laugardalur, Gufunes, Grafarvogur að Hólmsheiði og Úlfarsárdalur. Eins og komið hefur fram eru borgargarðar utan hverfisskipulags og með sérstakt deiliskipulag.

Hverfisgarðar

Hverfisgarðar eru í hverju hverfi og þjóna fyrst og fremst íbúum þess. Þeir eru af ýmsum toga, allt frá almenningsrýmum og skrudgöörðum til torga og náttúrulegra svæða, og tengja oft íbúðahverfin við stærri útivistarsvæði borgarinnar. Í hverfisgarði er gert ráð fyrir ýmsum dvalarsvæðum og útivistar- og leikaðstöðu sem á að þjóna sem flestum aldurshópum. Margir hverfisgarðar hafa fjölpætt hlutverk og taka þarf tillit til sérstöðu þeirra við mat á möguleikum til innviðaupbyggingar. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir að minnsta kosti einum hverfisgarði í innan við 500 metra göngufjarlægð frá hverri íbúðareiningu.

Hverfisgarðar geta verið að miklu eða öllu leyti manngerð svæði, t.d. skrud- og samkomugarðar, sem þó eru að mestu þakin gróðurþekju og annars konar gegndræpu yfirborði. Slík svæði eru ætluð til ræktunar og yndisauka, útivistar, leikja og tómstunda.

Uppbyggingin getur falist í að koma fyrir aðstöðu til íþróttaiðkunar, listaverkum, gosbrunnum o.fl. eftir aðstæðum. Blágrænar ofanvatnslausnir og borgarþúskapur getur átt heima í hverfisgöörðum.

Mikilvæg atriði

- Sækja þarf um afnotaleyfi til umhverfis- og skipulagssviðs fyrir viðburðum og skemmtanahaldi á borgarlandi, þ.m.t. á opnum svæðum
- Allar framkvæmdir á opnum svæðum borgarinnar eru skipulagsskyldar

MYND 6

Almenningsrými í Reykjavík.

Snið borgarumhverfis; frá þéttri byggð að útjörðum borgarinnar.



MYND 7

Elliðaárdalurinn er stærsti borgargarður Reykjavíkur.



MYND 8

Leiktæki á leiksvæðum.





MYND 9
Aðstaða í hverfisgarði.



MYND 10
Setsvæði í hverfisgarði.

Dvalar- og leiksvæði

Dvalar- og leiksvæði eru lítil svæði innan hverfa sem ætluð eru íbúum. Þau eru víða og þar geta íbúar á öllum aldri dvalið.

Leiksvæðastefna Reykjavíkurborgar skilgreinir ramma um eðli og útlit einstakra dvalar- og leiksvæða. Þeim er skipt upp í hefðbundin leiksvæði, þemavelli og dvalarsvæði. Skipulagsskilmálar fyrir þessi svæði eru mismunandi.

Hefðbundin leiksvæði

Uppbygging leiksvæða þarf að fylgja leiksvæðareglugerð. Þau þurfa að vera örugg, snyrtileg, aðgengileg fyrir alla og tengingar við vistvænar samgöngur sterkar. Á leiksvæðum þarf að vera fjölbreytt úrval leiktækja og annarra innviða fyrir börn og ungmenni. Tryggja þarf að aðstaða sé fyrir alla aldurshópa á leiksvæðunum með bekkjum, leiktækjum og öðrum búnaði sem hæfir mismunandi aldri og þörfum notenda.

Þemavellir


Þemavellir eru leiksvæði þar sem sérstaklega er hugað að ferskri hugsun og frjórrí nálgun við útfærslur. Þemavöllum er ætlað að vera áfangastaður fyrir markhópa utan hverfisins. Þemun geta tekið mið af staðháttum eða sögu umhverfisins, tengst starfsemi í nágrenninu eða miðast við ákveðin viðfangsefni, t.d. náttúru eða listir. Hönnun og val á leiktækjum og öðrum innviðum er háð þemanu á hverjum stað.



MYND 11
Aðstaða í hverfisgarði, dvalar- og leiksvæði.



MYND 12
Á leiksvæðum þarf að vera aðstaða fyrir yngstu börnin. Lítil hóll getur verið fjall fyrir barn.



Dvalarsvæði

Þetta eru lítil svæði með grænu yfirbragði og einföldum innviðum, s.s. bekkjum, borðum og annarri hvíldaraðstöðu. Ekki er gert ráð fyrir leiktækjum eða innviðum fyrir íþróttir heldur er áhersla lögð á friðsælt yfirbragð. Gróðurþekja skal vera mikil og eins fjölbreytt og kostur er og skjól gott.

Svæði í fóstur

Í leiksvæðastefnu borgarinnar er opnað á þann möguleika að íbúar í hverfunum geti tekið ákveðin svæði í fóstur. Umhverfis- og skipulagssvið borgarinnar tekur ákvörðun um slíkt samstarf og sjá þá íbúar um umhirðu og uppbyggingu í samráði við umhverfis- og skipulagssviðið.

MYND 13

Persónulegt svæði í almenningsrými. Myndin sýnir hvernig fólk upplifir fjarlægðir í almenningsrýmum.



MYND 14




Leiksvæði með lituðum þúfum fyrir þúfnahopp.



Önnur græn svæði

Græn svæði eru fjölbreyttur flokkur svæða á borgarlandi. Þau geta verið gróðursvæði við götur, grænir geirar eða grænar tengingar sem liggja um hverfi eða á milli hverfa. Þau geta líka verið svæði í útjaðri hverfa, óskilgreind svæði eða afgangssvæði milli hverfis og umferðargötu.

Um þessi svæði liggja oft stígar og reiðleiðir en líka umferðargötu. Þau geta verið safnstaðir fyrir ofanvatn og öryggissvæði vegna náttúruvár, þau geta stutt við líffræðilega fjölbreytni og þjónað fjölbreyttu hlutverki. Oft má nýta þessi svæði betur með uppbyggingu á aðstöðu til útivistar eða til að þróa nýja íbúðabyggð. Slíkt þarf að meta út frá hlutverki svæðanna og stefnu hverfisskipulagsins. Öll græn svæði eru sérstaklega merkt á hverfisskipulagsupprætti fyrir hvert hverfi.



MYND 15
Græn svæði með stígum. Sjá má hvernig gróður vex, dafnar og breytist með tímanum.

MYND 16
Græn svæði með stígum og gróðri sem vex.




Bæjar- og hverfistorg

Opinber torg geta verið hluti af hverfisgarði en oftar en ekki tengjast þau frekar verslunar- og þjónustubyggingum og veitingastöðum við hverfiskjarna. Þar færast gjarnan mannlíf út í torgrýmið frá verslunar- og þjónustubyggingum á góðviðrisdögum. Nærtækt dæmi um þetta er Austurvöllur þar sem mannlíf sem tengist veitingarekstri flæðir út í garðrýmið næst byggingunum og aðrir gestir dvelja innar í garðinum.


Með uppbyggingu verslunar og þjónustu í kjörnunum í hverfum borgarinnar getur mannlíf blómstrað og tækifæri skapast til að móta torg til dvalar og samkomuhalds.

Meðfylgjandi mynd sýnir þrjár útfærslur á sama torgi.


1. Rýmið er einn óskilgreindur flötur og býður ekki upp á sérstök dvalarsvæði nema mögulega næst húsum.
2. Formfast garðrými með mjög afmarkaða notkun.
3. Mögulegt að halda ákveðnu flæði en ramma einnig inn ákveðin svæði með fjölbreytta notkun torgsins í huga.



MYND 17
Torgið er einn flötur án sérstakra dvalarsvæða.



MYND 18
Torgið með veggjum, setsvæðum og útilistaverki.



MYND 19
Torg sem hefur verið hannað fyrir fjölbreytta notkun með setsvæðum og svæðum til leikja.




Kyrrlát svæði

Samkvæmt reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir skulu sveitarfélög afmarka sérstök kyrrlát svæði í skipulagi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Kyrrlát svæði skulu vera í eigu sveitarfélagsins, ætluð til útivistar og ekki vera útsett fyrir hávaða yfir tilskyldum mörkum (hávaði undir 50dB(A)).

Margs konar ávinningur er af kyrrlátum svæðum í þéttbýli. Hávaðamengun er alvarlegur heilsuspillandi þáttur í borgum víðs vegar um heim og aðgengi að kyrrlátum svæðum er talið geta haft jákvæð áhrif á líkamlega og sálræna líðan íbúa. Kyrrlát svæði, sem alla jafna eru innan opinna og grænna svæða í borginni, geta einnig stutt við líffræðilega fjölbreytni innan borgarmarkanna. Margar dýrategundir treysta á að geta átt samskipti með hljóðum og rannsóknir sýna að hávaði getur haft mikil áhrif á fjölbreytni og stofnstærðir þessara tegunda og hegðun þeirra. Aukin líffræðileg fjölbreytni getur að sama skapi haft jákvæð áhrif á upplifun fólks af svæðinu, enda eru fuglasöngur og önnur náttúruhljóð almennt talin æskileg og róandi.


Með þéttingu byggðar og aukinni umferð allra ferðamáta og tilheyrandi mannlífi í umhverfinu geta áhrif á hljóðvist verið bæði jákvæð og neikvæð. Það getur þurft að huga sérstaklega að hljóðvörnum svo svæði uppfylli skilgreiningu um kyrrlát svæði í borginni en þétting byggðar getur líka ýtt undir bætta hljóðvist, t.d. þar sem byggt er meðfram umferðargötum þannig að húsin skýli opnum svæðum á bak við fyrir umferðarhávaða.



MYND 20

Nýjar byggingar geta skýlt opnum svæðum fyrir umferðarhávaða.

Nauðsynlegt er að styðjast við hávaðakort þegar kyrrlát svæði eru skilgreind í borgarlandinu en einnig þarf að huga að öðrum þáttum sem geta haft áhrif á upplifun fólks af svæðinu. Svæðin ættu alla jafna að vera gróðursæl dvalarsvæði, hvort sem það eru óröskuð náttúruleg svæði eða hönnuð svæði. Einnig þarf að taka mið af veðurfari og skjóli á svæðinu. Ýmiskonar innviðir ættu að vera til staðar, s.s. bekkir og borð, sem hvetja til viðveru og slökunar. Einnig geta aðrir innviðir ýtt undir jákvæða upplifun fólks af svæðinu, s.s. listaverk, gosbrunnar og/eða aðrir vatnsskúlptúrar. Þó er mikilvægt að hafa í huga að engin tvö kyrrlát svæði eru eins, umhverfi og aðstæður eru ólíkar á hverjum stað og svæðin geta verið allt frá litlu rjóðri til stórra garða. Kyrrlát svæði geta því jafnt verið skilgreind innan borgar- og hverfisgarða, á dvalarsvæðum og/eða á öðrum grænum svæðum. Mestu máli skiptir hins vegar að umgjörð, umhverfi og aðstæður séu kyrrlátar og aðlaðandi og ýti undir slökun og endurheimt þeirra sem svæðið sækja.



Bendtsen, H. (2010). Stöjreduktion langs veje. (Skýrsla nr. 189): Vejdirektoratet & Vejteknisk institut.

MYND 21

Hljóðstig (dB) sett í samhengi við hljóð sem flestir þekkja.



MYND 22

Dæmi um kyrrlát svæði.



Stígar á opnum svæðum

Stígar á opnum svæðum eru af nokkrum gerðum. Gerð stíga, breidd og yfirborð ræðst af áætlaðri umferð og landslaginu sem þeir liggja í.

Göngu- og hjólastígar

Flestir stígar borgarinnar, svokallaðir sameiginlegir göngu- og hjólastígar, eru í raun göngustígar þar sem heimilt er að hjóla, að því gefnu að það valdi gangandi vegfarendum ekki hættu eða óþægindum. Við skipulag og hönnun slíkra stíga er mikilvægt að taka tillit til þess að bæði er gengið og hjólað eftir þeim, t.d. með því að huga að því að sjónlengdir og beygjuradíusar uppfylli kröfur til hjólastíga.

Með aukinni umferð bæði gangandi og hjólandi vegfarenda eykst krafan um að skilja að þessa tvo vegfarendahópa, þ.e.a.s. að gera sérstaka hjólastíga. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því í samræmi við hjólréiðaaætlun borgarinnar og leiðbeiningar. Vísað er í leiðbeiningar um hönnun fyrir hjólréiðar, sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa látið vinna, varðandi allt sem hefur með hönnun og skipulag göngu- og hjólastíga að gera. Þar er m.a. að finna upplýsingar um viðmiðunarbreydd þeirra og hvar æskilegt er að aðskilja stíga gangandi og hjólandi vegfarenda.

Reiðleið

Þar sem reiðleiðir og malbikaðir stígar skarast getur stundum verið ástæða til að láta reiðleiðina haldast heila í gegn þar sem malbik getur orðið hált og hættulegt fyrir járnaða hesta. Í nágrenni Víðidals í Elliðaárdal eru upphleyptar rendur á malbikuðum stíg sem vara hjólréiðamenn við því að stígurinn rofni þar sem reiðleið fer í gegn.

Eins þarf að hafa í huga að ef hestum bregður er þeirra fyrsta viðbragð að leggja á flótta eða stökkva til hliðar undan hættunni. Þannig getur hlaupandi vegfarandi eða hjól á mikilli ferð virkað ógnandi á hesta og þar með sett knapa og aðra vegfarendur í hættu. Ekki má gleyma því að knapar eru á öllum aldri og misvanir og að sama skapi þurfa hestar að læra á umhverfið. Ungir og óreyndir hestar eru viðkvæmari fyrir áreiti.

Malarstígar


Malarstígar eru 1 til 2 metrar á breidd. Þeir liggja aðallega á útivistarsvæðum í útjaðri hverfanna. Þeir fylgja landinu vel og eru ekki mjög áberandi í landslaginu.



MYND 23
Göngu- og hjólastígar.



MYND 24
Aðgreindir göngu- og hjólastígar.



MYND 25
Reiðleið á opnu svæði.

Stikuð leið


Stikuð leið er helst notuð í viðkvæmu landslagi þar sem umferð er lítil og lítil hættu á skemmdum á gróðri og náttúru. Oft er um fornar leiðir að ræða sem þegar eru markaðar í landið. Ef álagið á stikuðu leiðina fer að valda skemmdum má bera í hana möl. Verði álagið mjög mikið getur þurft að gera varanlegri stíg.

Mikilvæg atriði


Huga þarf vel að útfærslu þar sem umferð hesta, reiðhjóla og gangandi vegfarenda skarast

Votlendisstígur

Votlendisstígur er gjarnan úr timbri og situr á súlum sem reknar eru niður í votlendið. Þá svífur stígurinn yfir jörðinni. Slíkir stígar eru gjarnan lagðir þar sem of mikið rask yrði við að gera burðarhæfa fyllingu og ástæða er til að hlífa gróðri sem stígurinn liggur yfir. Auðvelt er að fjarlægja stíginn án þess að skilja eftir sár í landinu.



MYND 26
Krossgötur hjóla-, göngu- og reiðstíga.



MYND 27
Stikuð leið.



MYND 28
Votlendisstígur.



MYND 29
Malarstígur í skógi.



Náttúrusérkenni og minjasvæði

Á opnum svæðum eru oft náttúrusérkenni eða menningarminjar sem hafa verndargildi af líf- og/eða jarðfræðilegum ástæðum, vegna landslags eða sögu. Þetta geta verið ákveðnar jarðmyndanir, vistgerðir, búsvæði dýra, tún og landbúnaðargróður, sérstök tré og landslag. Þessi svæði eru merkt á hverfisskipulagsupprætti og fylgja sérstökum skilmálum um fornleifar og náttúrusérkenni.

Uppbygging innviða nálægt slíkum náttúru- eða menningarminjum skal vera minni háttar og einskorðast við einfalda stígagerð, dvalarsvæði og aðstöðu vegna fræðslu, upplifunar og útikennslu fyrir grunn- og leikskóla. Vanda skal alla hönnun og efnisval og taka mið af sérstöðu og sérkennum svæðisins.



MYND 30
Náttúrusérkenni og minjasvæði.



Gátlisti

| Nr. | Til athugunar | Já / Nei | Sjá bls.: |
|-----|--|----------|-----------|
| 1 | Er náttúrulegt gróðurfar á svæðinu sem vert er að vernda? | | |
| 2 | Eru sérstakar jarðsögulegar minjar á svæðinu sem ber að varðveita eða vekja athygli á? | | |
| 3 | Geta falist tækifæri í nýtingu landhalla eða annarra náttúrulegra aðstæðna við hönnun og mótun svæðisins fyrir leik og afþreyingu? | | |
| 4 | Býður svæðið upp á innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna? | | |
| 5 | Er fugla- og dýralíf á svæðinu sem ber að vernda? | | |
| 6 | Er aðgengi íbúa að svæðinu gott? | | |
| 7 | Eru bekkir með reglulegu millibili þannig að þeir sem eiga erfitt með gang geti hvílst reglulega? | | |
| 8 | Eru bæði kyrrlát og virk svæði í boði? | | |
| 9 | Er hægt að hvetja til líkamlegrar hreyfingar á svæðinu og efla lýðheilsu borgarbúa? | | |
| 10 | Gæti borgarbúskapur hugsanlega rúmast innan svæðisins? | | |
| 11 | Hefur verið hugað að vegvísun og fræðsluskiltum? | | |
| 12 | Er tryggt að ekki skapist slyshætta á manngerðum leiksvæðum? | | |
| 13 | Er tryggt að ólíkir útivistarhópar skapi ekki slyshættu hver fyrir annan? | | |
| 14 | Er hægt að tryggja öruggt aðgengi hreyfihamlaðra og sjónskertra? | | |
| 15 | Er lýsing í samræmi við fyrirhugaða notkun og bætir hún öryggi á svæðinu? | | |
| 16 | Er staðsetning og útfærsla þannig að hún falli vel að umhverfinu og sé til prýði? | | |
| 17 | Er gróðurfar og útfærsla þannig að hún veki ólík hughrif eftir árstíðum? | | |
| 18 | Er umhirða og umgengni á staðnum til prýði? | | |
| 19 | Er hugsanlega hægt að bæta listræna upplifun á svæðinu, t.d. með list í almenningsrými? | | |
| 20 | Er eitthvað á svæðinu sem getur valdið ónæði eða óþægindum fyrir nágranna? | | |
| 21 | Getur svæðið aukið samgang íbúa og félagsleg gæði? | | |
| 22 | Upplifir notandinn sig öruggan á svæðinu? | | |
| 23 | Er einstaklingum með takmarkaða hreyfigetu auðveldað aðgengi að svæðinu? | | |
| 24 | Styður svæðið við fugla- og smádýralíf? | | |
| 25 | Er flóra trjáa, runna og blómgróðurs á svæðinu fjölbreytt? | | |
| 26 | Er hægt að auka vægi ætra plantna, þ.e. ræktun berjarunna, ávaxtatrjáa, kryddplantna o.fl.? | | |
| 27 | Styður svæðið í heild sinni við líffræðilegan fjölbreytileika? | | |



Heimildir

- Reykjavíkurborg (í kynningu 2018). *Hverfisskipulag Reykjavíkur. Ártúnsholt, Árbær og Selás*. Reykjavík: Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið.
- Reykjavíkurborg. (2014). *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030*. Reykjavík: Crymogea, Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið.
- Reykjavíkurborg. (2015). *Líffræðileg fjölbreytni: Stefna Reykjavíkurborgar*. Sótt 22. nóvember 2018 af <https://reykjavik.is/sites/default/files/liffraedilegfj olbreytnistefnareykjavikur.pdf>
- Reykjavíkurborg. (2015). *Umhverfis- og auðlindastefna Reykjavíkurborgar*. Sótt 22. nóvember 2018 af https://reykjavik.is/sites/default/files/rvk_ umhverfis_og_audlindastefna_low.pdf
- Reykjavíkurborg. (2011). *Leiksvæðastefna Reykjavíkur*. Sótt 22. nóvember 2018 af https://reykjavik.is/sites/default/files/skrifstofur_radhuss/ skrifstofaborgarstjora/Stefnur/20120322-leiksvaedastefna.pdf
- Reykjavíkurborg. (2016). *Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar*. Sótt 22. nóvember 2018 af https://reykjavik.is/sites/default/files/stefnumorkun_skjol/ samthykktir/loftslagsstefna_reykjavikurborgar_kolefnishlutleysi_2040. pdf
- Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2018). *Hönnunarleiðbeiningar fyrir hjóltreiddar: Leiðbeiningar sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins*. Sótt 22. nóvember 2018 af http://www.ssh.is/images/stories/frettir/Honnun_ fyrir_reidhjol_leidbeiningar_drog_01032018.m.pdf



Útgefandi

REYKJAVÍKURBORG

Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Ábyrgð, umsjón og ráðgjöf

SKIPULAGSFULLTRÚI REYKJAVÍKUR

Björn Axelsson *skipulagsfulltrúi*

RITSTJÓRN

Ævar Harðarson *verkefnisstjóri hverfisskipulags, ritstjóri*

Guðlaug Erna Jónsdóttir *verkefnisstjóri*

Jón Kjartan Ágústsson *verkefnisstjóri*

Ólafur Ingibergsson *sérfræðingur*

Dagný Harðardóttir *verkefnisstjóri*

HÖFUNDAR LEIÐBEININGATEXTA

DLD - Dagný Land Design ehf.

Ritstjórn

HÖFUNDUR SKÝRINGARMYNDAR

DLD - Dagný Land Design ehf.

UMBROT, GRAFÍSK VINNSLA OG MYNDIR

Ox Collective *grafísk hönnun*

Rán Flygenring *myndskreytingar*

Bragi Þór Jósefsson *ljósmyndari*

Hulda Einarsdóttir *umbrot*

Kristrún Lárusdóttir Hunter *umbrot*

Sandra Rún Sigurðardóttir *umbrot*



